

Sp.

53. Tillaga til þingsályktunar

um tilhögun flutninga á langleiðum.

Flm.: Gíslí Sveinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hið allra fyrsta fara fram rækilega athugun á því, hvernig vöru- og nauðsynjaflutningum á langleiðum á landi verði sem bezt fyrir komið, einkanlega hvort eigi muni hagkvæmast, þegar á allt er litið, að stærri heildir, svo sem héruð eða ríki, eða hvort tveggja, tækju slíka flutninga að sér vegna hagsmuna almennings.

G r e i n a r g e r ð .

Á fleirum stöðum á landi hér verður að flytja nauðsynjavörur, búsafurðir og hvað eina, allangar leiðir eftir vegum á landi. Er nú mikil bót á þessu orðin, síðan hífreiðir fara að ganga og eftir því sem samgöngubótum, vega- og brúargerðum miðar áfram, en það er vitaskuld aðalatriðið í þessu sambandi. Samt verða þessir flutningar tilfinnanlega dýrir, og standa héruðin óneitanlega misjafnt að vígi í þessu efni. Einstaklingarnir hafa orðið víðast hvar að bjarga sér sjálfir um þessa flutninga, eða verzlarnir hafa um þá annað, sem reynzt hefur upp og niður, eins og vænta má, bæði að því er snertir dýrleika og flutningakost, enda vilja ýmsir

halda, að þar mætti yfirleitt betur vera. Má t. d. benda á, að ein verzlun hér á Suðurlandsláglendinu hefur getað látið slíka flutninga í té ásamt öðrum viðskiptum með stórum aðgengilegri kjörum en aðrar verzlanir í þeim landsfjórðungi hafi þótt geta gert, og er það órannsakað mál, hvernig á því stendur. En öllu þessu verður almenn- ingur að sæta, án þess að geta gert sér nokkra grein þess, hvort allt sé sanngjarn- lega reiknað.

Talsverð linun í kostnaði þessara flutninga ætti nú að geta fengizt, ef till. sú um undanþágu frá benzínskatti, sem við flytjum nokkrir þingmenn af Suðurlandi, nær fram að ganga, auk þess sem allt á að verða auðveldara í þessu með stórlega bættum samgönguleiðum. En eins og það er almennt viðurkennt og hefur verið, að þar sem yfirgripsmiklum nauðsynjafyrirtækjum, sem varða allan almennung, verður eigi af stað komið né þeim uppi haldið nema hið opinbera hafi með þær að gera — og má þar t. d. minna á póstgöngur, síma, siglingar og allar höfuðsamgöngubætur —, eins verður ávallt að gera þá kröfu, að heildin taki þar í tauma, er nauðsyn kann til að bera eða einstaklingum verður ofvaxið af einni eða annarri ástæðu.

Fyrir því er það áriðandi, að rannsakað sé, hvort eigi er nú svo komið um flutninga þá, er hér um ræðir, að þörf sé nýrrar skipulagningar í þágu þess almenn- ings, er hlut á að máli.

Á undanförunum árum hefur oftast en einu sinni verið um það rætt, í nefndum og meðal þingmanna, hvort gerlegt væri að fara inn á beina styrkjaleið í þessum flutningamálum, og hefur þetta ávallt strandað á því, að engin leið hefur verið að gera til fulls eða sanngjarnlega upp á milli héraða, þegar á allt hefur verið litið, enda má oft segja, að eitt hérað þiggi styrk í þessari mynd, en annað í hinni. Flutningsmanni þessarar tillögu hefur þó tekizt á síðustu árum að fá, með samþykki ríkisstjórnarinnar, breytt þannig til, að þær þúsundir króna, sem styrkur til svo nefnds „Suðurlandsskips“ hefur numið, hafa gengið til þess að styrkja landflutninga á nauðsynjavörum í Vestur-Skaftafellssýslu, og hefur hann árlega, með vitund sýslunefndar og í samráði við þá aðila, er hafa með höndum aðalviðskiptin við bændur, verið greiddur hlutaðeigandi verzlunum og hefur gengið til lækkunar á verði nauðsynjavara sem þessum styrk nemur, o. s. frv. En vitanlega er hér um bráða- birgðafyrirkomulag að ræða, þótt styrkurinn væntanlega haldist enn um hrið.

Það er vissulega hinn auðveldasti hlutur fyrir þingmenn að hrópa á „styrki“ frá ríkinu til hins og þessa, en mikil hætta er á, því miður, að allmikið af því verði meira eða minna „húmbúgs“-kennt, þegar hrópin koma aðeins rétt fyrir kosningar, því að efndirnar reynast einatt næsta óvissar. Hitt mun staðbætra, að ganga til ró- legrar athugunar á því, hvernig bezt megí úr vandkvæðum bæta, svo að til varan- legra hagsbóta horfi sem flestum. Með það fyrir augum er þessi till. fram borin.